

## Mál nr. 26/2008

### M og

### Vátryggingafélagið V v. frjálsrar ábyrgðartryggingar T

**Maður missti tak á stiga þegar hann var að fara upp úr lest og slasaðist þ. 11.5.2007.**

#### Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 12.2.
2. Niðurstaða tjónanefndar nr. 817/07
3. Bréf lögmanns M dags. 5.2.2008 ásamt umboði og bréfi dags. 26.9.2007 og vottorðum
4. Tilkynning til Vinnueftirlitsins dags. 7.6.2007
5. Skýrsla Vinnueftirlitsins dags. 11.7.2007 ásamt ljósmyndum.
6. Bréf V dags. 9.10.2007

#### Málsatvik.

M var verkstjóri hjá löndunarfyrirtækinu T og var að vinna við löndun í lest og þegar hann var að fara upp úr lestinni, upp lóðréttan stiga missti hann takið og fell um 8 metra niður á lestargólf og slasaðist. Í skýslu Vinnueftirlitsins segir að M hafi fallið 7-8 metra og engar bakvarnir séu á stiganum sem M féll úr og þeirra er ekki krafist í lestarstigum eldri skipa eins og það er orðað í skýrslu Vinnueftirlitsins. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu löndunarfyrirtækisins hjá V og bendir á að í dag séu gerðar kröfur um fallvarnir úr stigum eins og þeim sem um ræðir í málinu þó þess hafi ekki verið krafist um stiga í jafngömlum skipum og því sem verið var að landa úr þá bendir lögmaðurinn á kröfur sem Vinnueftirlitið hafi gert varðandi úrbætur í málinu. Þá bendir lögmaðurinn á 37.gr laga nr. 46/1980 sbr. 13.gr sömu laga, lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. V hafnar bótaskyldu og bendir á að löndunarfyrirtækið eigi ekki það skip sem verið var að landa úr og hafi ekkert með útbúnað þess að gera og því sé ekki forsendur til að leggja skaðabótaábyrgð á félagið vegna skorst á fallvörnum. Þá bendir V á að M sé verkstjóri og telur V að það hafi verið í hans verkahring að gera athugasemdir við aðstæður um borð hefði hann talið þær ófullnægjandi.

#### Álit.

Stigi sá sem um ræðir og notaður er til að fara upp úr lestinni og niður í hana er lóðréttur og engin sérstök tók þegar komið er upp og engar fallvarnir. Þessi umbúnaður er ófullnægjandi og ekki í samræmi við eðlilegar kröfur um öryggi þeirra sem þurfa að nota umræddan stiga. Í 37. gr laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum segir svo " Vinnu skal haga og framkvæma þannig, að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta. Fylgja skal viðurkenndum stöðlum, ákvæðum laga og reglugerða, svo og fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins, að því er varðar aðbúnað, hollustuhætti og öryggi." Ljóst er að nefndur stigi fullnægir ekki ákvæðum ofangreindrar 37.gr. laganna. Fyllsta öryggis var ekki gætt og veruleg áhætta tekin með því að láta starfsmenn starfa við þær aðstæður að þurfa að nota stigann til að fara upp úr tómrí lest. Af þeim sökum verður á það fallist með M að T hafi ekki gætt ákvæða 37.gr. við framkvæmd vinnunnar og vanrækt að gera viðunandi ráðstafanir til að draga úr slyshættu við notkun stigans. Af þeim sökum ber T ábyrgð á slysi M. Fram hjá því verður þó ekki litið að M var verkstjóri og vanur löndunarvinnu og þykir hann því eiga töluverða sök á því að ekki voru gerðar fyrirfarandi ráðstafanir og ekki gætt nægjanlegrar varúðar. Rétt þykir því að M beri helming tjóns síns sjálfur vegna eigin sakar.

**Niðurstaða.**

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu T hjá V en ber helming tjóns síns vegna eigin sakar.

Reykjavík 11.3. 2008.

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Dögg Pálsdóttir hrl.

---

Jón Magnússon hrl.